

**98. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 19. febrúar 2014 og hófst kl. kl. 17:00.**

**Mættir eru:** Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð og svo var ekki.

Reimar fagnar því að samráð var haft um breyttan fundartíma.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 97/2014**

Lögð fram til kynningar

Reimar gerir athugasemd við að ekki var haft samráð um breytingu á fundartíma á þeim fundi.

**2. Fundargerð fræðslunefndar 14. janúar 2014**

Lögð fram til kynningar

**3. Fundargerð fræðslunefndar 11. febrúar 2014**

Lögð fram til kynningar

**4. Fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndar 13. febrúar 2014**

Lögð fram til kynningar

**5. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra Sveitarfélaga dags 31. janúar 2014**

Lögð fram til kynningar

**6. Minnisblað frá forvarnarráði dagsett 17. febrúar 2014**

Lagt fram til kynningar

**7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands 5. febrúar 2014**

Lagt fram til kynningar

Sveitarstjórn felur Ólafi að skoða þetta mál með formanni kjörstjórnar.

**8. Bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 3. febrúar 2014**

Lagt fram til kynningar.

**9. Lánasamningar við Sparisjóð Norðurlands**

Bréf sem lagt var fyrir sveitarstjórn á síðasta sveitarstjórnarfundum frá Sparisjóði Norðurlands tekið fyrir.

Ólafur lagði fram samanburðarútreikninga á lánum í Sparisjóði Norðurlands.

Sveitarstjórn er velviljuð í garð Sparisjóðs Norðurlands. Í dag eru auk allrar veltu sveitarfélagsins, tvö lán í Sparisjóði Norðurlands auk yfirdráttis. Ólafi sveitarstjóra falið að vinna áfram í þessum lánamálum. Samþykkt samhljóða.

#### **10.Íbúáþing Atvinnumál næstu skref**

Í síðustu viku var haldinn fundur á vegum Langanesbyggðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem var framhald af íbúáþinginu sem haldið var í maí 2013. Nú liggur fyrir skýrsla sem aðgengileg á heimasíðu Langanesbyggðar. Atvinnuþróunarfélagið ásamt Nýsköpunarmiðstöð ætla að vera hérna 4. mars með viðveru og gefa íbúum tækifæri á því að nýta sér þjónustu þeirra.

Sveitarstjórn hefur áhuga á því að halda framhaldsíbúáþing þar sem yrðir unnið áfram með þær hugmyndir sem komu fram íbúáþinginu. Samþykkt samhljóða.

#### **11.Vegagerðin mokstur 7 daga**

Sveitarstjórn ræddi þjónustu vegagerðarinnar á svæðinu og mikilvægi þess fyrir íbúa og atvinnulíf að hún sé 7 daga vikunnar.

Sveitarstjóra falið að skrifa bréf til Vegagerðarinnar vegna þessa. Samþykkt samhljóða.

#### **12.Íþróttamiðstöðin VER viðhaldsmál**

Ólafur kom með inngang að málinu. Almar hjá Faglausnum er byrjaður á því að taka út húsið. Ástandið á húsínu er ekki gott og þarf að sinna mun betur viðhaldi en gert er. Sveitarstjórn telur að það þurfi að leggja meiri metnað í að grunnþjónustan í íþróttahúsinu sé í lagi. 6 samþykktu tillöguna. 1 sat hjá.

#### **13.Skýrsla sveitarstjóra:**

- Kynnt að stjórn byggðarstofnunar hefur fallist á það fyrirkomulag sem lagt var fyrir hana um samstarf framkvæmdaraðila vegna sértæks byggðarkvóta á Bakkafirði. Nú þurfa þeir sem að samkomulaginu koma að ganga frá samningum sínum á milli og við Byggðastofnun.
- Sveitarstjóri fór yfir þær endurbætur sem hafa átt sér stað síðan á síðasta sveitarstjórnarfundi. Búið er að pússa upp parket í Lækjarvegi 3 og í félagsheimilinu. Síðan þarf að láta lakka gólfið. Verið að taka sviðið í félagsheimilinu í leiðinni.
- Hálsvegur 9-11. Búið að fá verðmat á húsið. Ólafur lagði fyrir tillögu að kautilboði. Sveitarstjórn samþykkir að Ólafur sendi þetta tilboð í Hálsveg 9-11. Samþykkt samhljóða.
- Langholt 6. Búið að heyra í varasjóði húsnæðismála og ekki er búið að ákveða fjárheimildir fyrir árið 2014.
- Fundur með Innanríkisráðherra sl föstudag. Þar var kynnt frumvarp um breytingu á sýslumannsembættum og sameiningu embætta.

Samhugur allra í þessu. Grunnurinn er að íbúar geti áfram sótt sína þjónustu á sömu staði en að sýslumönnum fækki.

- Samantekt á kostnaði vegna ýmissa liða s.s. síma, tölvubúnaður, hugbúnaður, hiti, rafmagn, tryggingar. Fundarmönnum afhent tafla með upplýsingum um þessa kostnaðarliði fyrir árið 2013.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplestin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:22